



Ræða
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
í hátíðarkvöldverði
Vladimir Putin forseta Rússlands
Kreml
19. apríl 2002

Virðulegi forseti Rússlands Vladimir Putin,
frú Putin
Heiðruðu gestir

Fornar sögur sem íslenskir bændur skráðu á skinn þegar Evrópa var hulin myrkri miðalda geyma lifandi frásagnir af samskiptum þjóða okkar fyrir um þúsund árum. Víkingarnir, forfeður okkar, voru svo víðförlir að slóðir þeirra lágu frá sléttum Rússlands og hinum voldugu stórfljótum yfir Norðurlönd og meginland Eyrópu allt til Miðjarðarhafsins. Þeir sigldu síðan yfir Atlantshaf, námu Ísland og héldu þaðan til álfunnar sem við nefnum Ameríku en þeir kölluðu Vínland. Þessi veröld varð afkomendum íslenskra landnámsmanna efniviður í merkar bækur sem í átta aldir hafa varðveitt vitnisburð um menningu og sögu sem er sameiginlegur arfur Íslendinga og Rússa, en líka annarra þjóða í Evrópu og Norður-Ameríku.

Þegar íslenskur forseti kemur í fyrsta sinn í opinbera heimsókn til Rússlands þá eru tilvísanir til hinnar sameiginlegu arfleifðar ofarlega í hugum okkar. Ég færi yður, virðulegi forseti, einlæggar þakkir fyrir þann heiður og vináttu sem þér sýnið þjóð minni með þessu heimboði. Við metum mikils ummæli yðar og yfirlýsingar hér í kvöld og í viðræðum okkar fyrir í dag.

Á árdögum nýrrar aldar þegar heimsmyndin tekur sífelldum breytingum er okkur hollt að hlúa að þeim menningarlegu og sögulegu rötum sem tengja okkur saman og færa Norðurlandabúum, Rússum og Bandaríkjamönnum sameiginlegan efnivið úr þúsund ára gömlum sjóði. Árið 2000 minntumst við Íslendingar í samvinnu við Bandaríkin og Kanada þeirra hugdjörfu landkönnuða sem árið 1000 tengdu lönd okkar saman og heillandi væri að geta á næstu árum efnt í Rússlandi til sýninga, ráðstefna og umræðna sem helgaðar yrðu túlkun á þeim forna tíma þegar

heimsmynd norðurslóða var samfelld heild. Á þann hátt gæti samvinna þjóðanna í norðanverðri Evrópu og Norður-Ameríku öðlast nýjar stoðir.

Málefni Norðursins hafa verið okkur Íslendingum afar hugleikin og við fögnum þeirri samleið sem við eigum með Rússlandi innan vébanda Heimskautsráðsins og Barentsráðsins. Við metum líka mikils að Rússar hafa boðið The Northern Research Forum, samstarfsvettvangi fræðimanna og forystufólks á norðurslóðum, sem stofnaður var á Íslandi fyrir rúmu ári, að halda annað þing sitt í Novgorod hér í Rússlandi nú í september. Við þurfum að ræða þau fjölmörgu viðfangsefni sem blasa við íbúum á norðurslóðum, ný form stjórnmálalegra tengsla, umhverfisvernd, atvinnulíf, öryggismál og mikilvægi Norðursins fyrir þróun Evrópu og trausta samstöðu ríkjanna beggja vegna Atlantshafsins. Í þessum efnum geta Rússar og Íslendingar saman haft frumkvæði að nýjum áherslum og ég fagna því að fá í heimsókn minni fjölmörg tækifæri til að ræða nánar sameiginlega framtíð þjóðanna í Norðri.

Íslendingar hafa löngum metið mikils vináttuna sem Rússar sýndu okkur á örlagatímum þegar við börðumst fyrir útfærslu landhelginnar og viðskipti okkar voru í áratugi burðarás í efnahagslífi Íslendinga. Við vissum að Rússar kunnu öðrum þjóðum betur að meta íslenska síld sem í áratugi var talin lostæti um gervallt Rússland. Lífskjör í mörgum íslenskum fiskibæjum byggðust á því að senda afurðir sjávarins til Rússlands og við fengum í staðinn frá ykkur olíu, timbur og bíla.

Ég vona að heimsókn mín nú verði til að veita viðskiptum okkar nýjan kraft. Íslensk fyrirtæki hafa nú gert samninga við rússneska samstarfsaðila á vettvangi nútímalegs sjávarútvegs í Rússlandi, við að vinna orku úr jarðhita, treysta hagkvæma vöruflutninga við aðra heimshluta og þróa nýjungar í flugmálum, ferðaþjónustu og iðnaði.

Við viljum líka treysta menningartengsl okkar á ný og við munum opna 23. apríl sýningu í St. Pétursborg sem helguð er Nóbelskáldi okkar Halldóri Kiljan Laxness en þann dag hefði hann orðið 100 ára. Bækur hans nutu mikilla vinsælda í Rússlandi og sjálfur var Laxness hér tíður gestur, túlkaði í verkum sínum atburði og örlög sem mótuðu sögu Rússlands á nýliðinni öld. Rússneskar bókmenntir og listir hafa notið mikillar hylli í landi mínu og heimsóknir rússneskra listamanna hafa ætíð verið hátíðarstundir. Í næstu viku verður opnuð rússnesk myndlistarsýning í Reykjavík og síðar á þessu ári munum við senda íslensk nútímamálverk til sýningar í Rússlandi. Rússar og Íslendingar hafa báðir sterkar tilfinningar til ættjarðarinnar, þjóðtungu sinnar og menningar og þess vegna eigum við auðvelt með að skilja hvorir aðra.

Vonandi mun sá eiginleiki fylgja okkur á nýrri öld og gera okkur kleift að treysta með öðrum bönd friðar og framfara. Það er við hæfi að í

Reykjavík verði í næsta mánuði lagður grundvöllur að samvinnusamningi Rússlands og NATO sem markar upphaf að þáttaskilum í öryggismálum Evrópu.

Rússar og Íslendingar eru orðnir nánir bandamenn við sköpun nýrrar Evrópu og við munum einnig í sameiningu geta gert Norðrið að nýjum vettvangi samvinnu við Ameríku. Við eigum á nýrri öld meiri samleið en nokkru sinni.

Í anda þeirrar samfylgdar býð ég yður, virðulegi forseti Vladimir Putin, að koma í opinbera heimsókn til Íslands. Það væri þjóð minni mikill heiður að fá með heimsókn yðar tækifæri til að styrkja samvinnu okkar enn frekar og kynna yður hvernig bændur og fiskimenn, sem um aldir bjuggu við harðræði og fátækt á norðurslóðum, hafa þróað samfélag sem nú býr að lífskjörum og tækni sem eru á við það besta sem þekkist í veröldinni.

Ég færi yður, heiðraði forseti, kærar þakkir fyrir vináttu yðar og einlægan samstarfsvilja og bið gesti að rísa á fætur og lyfta glasi til heiðurs Vladimir Putin forseta Rússlands, og einnig fyrir þúsund ára samfylgd Íslendinga og Rússa og til heilla þeim sameiginlegum verkefnum sem bíða okkar á nýrri öld.